



Leiðsögn

Stjórnarfundur Leiðsagnar 14. mars 2024 kl. 14:00

Mættir: Snorri Steinn Sigurðsson (SSS) formaður, Halldór Kolbeins (HK) varaformaður, Hallfríður Þórarinsdóttir (HÞ) ritari, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) gjaldkeri er á fjarfundi. Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ) og Jóhanna Magnúsdóttir eru fjarverandi. Fundurinn er haldinn á Stórhöfða.

Formaður setur fund kl. 14:08

Dagskrá:

1. Aðalfundur, fundarstjóri
2. Félagsfundur vegna möguleika á samruna við VR
3. Mál félagsmans, (JSJ)
4. Varðan kr. 265.000 sérgreining á rannsóknargögnum f. Leiðsögn

1. Aðalfundur – fundarstjóri

Fyrsta mál á dagskrá er fyrirhugaður aðalfundur Leiðsagnar þann 4. apríl n.k. Formaður hefur leitað að fundarstjóra og beðið nokkra en enginn sýndi því áhuga utan einn, Gunnar B. Ólafsson hæstaréttarlögmaður, sem getur tekið það að sér. Formaður leggur til að hann verði valinn og það er samþykkt af öllum.

2. Félagsfundur v. samruna við VR.

Formaður spyr hvort stjórn sé samþykk því að halda þennan félagsfund, sem felur í sér kynningu á VR og hvernig staða leiðsögumanna yrði innan VR. Formaður talaði við Ragnar Þór Ingólfsson formann VR og þeir ætla að spjalla saman og bera saman bækur sínar um hvað þurfi að koma fram á þessum fundi. Stjórn samþykkir að halda þennan félagsfund. Hugsanlegar dagsetningar fundarins ræddar e.t.v., 25. eða 26. mars n.k. en er undir VR komið.

3. Mál félagsmanns JSJ

Stjórn ræddi hvernig bregðast skyldi við því að JSJ hefur enn ekki skilað neinu inn af fagbókinni sem hann er búin að vinna við í nokkur ár. Hann hefur enn einu sinni beðið um lengingu á skilafresti og nú til loka árs 2024. Niðurstaða umræðna var sú að stjórn fer fram á að hann skili á rafrænu formi, þeim 400 bls., sem hann segist vera búinn með og ekki seinna en 20 mars n.k.

4. Varðan rannsóknarsetur ASÍ – vinna úr gögnum fyrir Leiðsögn

Varðan hefur boðið Leiðsögn að taka út svör leiðsögumanna, sem tóku þátt í rannsókn ASÍ *Staða launafólks á Íslandi*, sem gefin var út í samnefndri rannsóknarskýrslu nú í byrjun marsmánaðar. Alls 95 leiðsögumenn svöruðu könnuninni. Um er að ræða samanburð á kjörum leiðsögumanna og annarra starfsstétta sem tóku þátt í könnuninni. Kostnaður er kr. 265.000. Tillagan var samþykkt af hálfu stjórnar.

Önnur mál.

Trúnaðarmál.

Fundi slitið kl. 14:46.

Fundarritari: Hallfríður Þórarinsdóttir, ritari